



Banaslys 18. febrúar 2008

Vesturgata Akranesi
Útafakstur og árekstur við hús
Látinn 18 ára karlmaður

Lýsing á slysi

BMW bifreið var ekið norður Vesturgötu á Akranesi. Í bifreiðinni var auk ökumanns einn farþegi í framsæti. Dálitill vindur var þegar slysið átti sér stað og var gatan blaut. Gatan er steipt og rúmlega 8 metra breið. Víða við götuna var bifreiðum lagt við gangstéttarbrún en einnig er stutt á milli hliðargatna inn á Vesturgötu. Ökumaður BMW bifreiðarinnar tók háskalega fram úr öðrum bíl og missti þá stjórn á bifreiðinni, lenti upp á gangstétt og þaðan inn í garð og endaði ökuferðin með hörðum árekstri á húsvegg. Herbergisgluggi og hluti veggjar hrundu inn í herbergi sem er hálf niðurgrafið og á rúm sem þar var. Herbergið var mannlaust þegar áreksturinn varð. Mikil mildi var að enginn var á vegi bifreiðarinnar þar sem hún hentist eftir gangstéttinni, braut niður grindverk sem bútaðist niður og köstuðust sumir hlutar þess tugi metra.



Mynd tekin í akstursátt bifreiðarinnar um 60m frá húsinu sem hún hafnaði á.

Hægri hlið bifreiðarinnar lenti á húsveggnum. Loftpúði í stýri og fyrir framan farþegann sprangu út en hvorki hann né ökumaðurinn voru með öryggisbelti spennt. Eftir áreksturinn lágu þeir báðir meðvitundarlausir í sætum sínum og voru fluttir á spítala mikið slasaðir. Farþeginn lést 10 dögum síðar af völdum áverka sem af árekstrinum hlutust. Hann komst

Veður:

Skýjað
Rigning með köflum
Litill vindur

Vegur:

Blautur
Steipt slitlag.
8 metra breiður
Steipt gangstétt
beggja vegna og hús.
Hámarkshraði á
götunni er 50
km/klst.

Tími sólarhrings:

Dagur

Ökutæki:

BMW fólksbifreið,
tveir aðilar í
bifreiðinni, auk
ökumans var farþegi
í framsæti, hvorugur
spenntur í
öryggisbelti.

aldrei til meðvitundar. Banamein hans voru miklir höfuðáverkar en hann hlaut einnig alvarlega brjóstholváverka. Áverkarnir orsökust af árekstrinum þar sem hann kastast á hurðina hægra megin sem og að aflögun hægri hliðar inn í farþegarýmið var talsverð (sjá mynd hér að neðan). Ökumaðurinn hlaut talsverða höfuðáverka og hálsbrotnaði. Líkur eru á að áverkar hans hefðu ekki orðið eins miklir ef hann hefði verið spenntur í öryggisbelti.



Mynd tekin af bifreiðinni þar sem hún stöðvaðist eftir áreksturinn við húsvegginn. Gat kom á vegginn eftir að hluti hans hrundi inn.



Veggurinn hrundi inn í herbergið og lá hluti hans á rúmi sem þar stóð. Mikil mildi var að enginn var í herberginu þegar slysið átti sér stað.

Bifreiðin er skráð um 186 hestöfl og afturhjóladrifin, hjólbarðarnir að aftan voru slitnir niður í striga en hjólbarðarnir að framan voru minna slitnir. Báðir hjólbarðarnir að framan sprungu í slysinu. Miðað við lýsingu vitna á slysinu þá fór bifreiðin að spóla þegar henni var ekið

framúr annarri bifreið. Ekki sást ummerki á vettvangi sem staðfesta þessa lýsingu en það að bifreiðin var afturhjóladrifin og með kraftmikla vél, slæmt ástand hjólbarða á drifási og bleyta á vegyfirborði renna stöðum undir þessa frásögn. Mikil hættu er á að ökumaður missi stjórn á bifreið sinni ef hann fer að spóla.



Afturhjólarbarðar bifreiðarinnar voru slitnir niður í striga.

Sérfræðingur var fenginn til að meta hraða bifreiðarinnar rétt fyrir áreksturinn og taldi hann hraðann hafa verið á bilinu 73 til 103 km/klst. Hámarkshraði á Vesturgötu er 50 km/klst. Hraðaútreikningar eru ávallt afar varfærnislegir og því er reiknaður hraði lægri en raunverulegur hraði.

Ökumaðurinn var 17 ára og hafði haft ökuréttindi í sex daga. Farþeginn, sem jafnframt var eigandi bifreiðarinnar var ekki með réttindi til að aka bifreið en hann festi kaup á bifreiðinni 3 dögum fyrir slys. Báðir höfðu þeir verið staðnir að akstri án réttinda áður.

Niðurstöður áfengis- og lyfjarannsóknar ökumannsins voru neikvæðar.

Orsakagreining

- Vítaverður framúrakstur
- Of hraður akstur
- Ökumaður og farþegi voru ekki spenntir í öryggisbelti
- Ökumaður var reynslulaus
- Mjög slitnir hjólbarðar

Tillögur í öryggisátt

- Rannsóknarnefnd umferðarslysa leggur til við löggjafann að við endurskoðun umferðarlaga verði kveðið á um að hækka ökuleyfisaldur upp í 18 ár. Ýmis rök má færa fyrir þess háttar breytingu. Líklegt er að hækkunin hafi jákvæð umferðaröryggisleg áhrif. Áhrifin eru tvíþætt, annars vegar myndi ökumönnum fækka og heildarfjöldi ekinna km minnka sem myndi leiða af sér fækkun slysa. Einnig kæmi hugsanlega til fækkun slysa vegna meiri þroska byrjenda í umferðinni. Að mati nefndarinnar vegur það einnig þungt að fólk verður ekki lögráða á Íslandi fyrr en við 18 ára aldur. Reglulega hafa orðið alvarleg slys, stundum banaslys, þar sem orsakavaldurinn er barn samkvæmt skilningi laganna. Að mati nefndarinnar gengur það einfaldlega ekki upp að ætla ólögráða einstaklingi þá ábyrgð sem ökuréttindum fylgir.
- Á undanförunum 8 árum hafa orðið tvö banaslys vegna vítaverðs aksturs á Akranesi. Að auki hafa orðið á undanförunum árum nokkur alvarleg slys innanbæjar á Akranesi þar sem orsök má rekja til gáleysis og hraðaksturs. Rannsóknarnefndin beinir því til

lögreglunnar á Akranesi að herða umferðareftirlit á Akranesi með sérstakri áherslu á að stemma stigu við of hröðum akstri innanbæjar.

Annað

Rannsóknarnefnd umferðarslysa leggur til í þessari skýrslu að ökuleyfisaldur verði hækkaður úr 17 í 18 ár. Ýmis rök má færa fyrir þessari tillögu, bæði með og á móti en að mati nefndarinnar vega rökin með þyngra. Í skýrslu sem nefndin gaf út árið 2000 um unga ökumenn eru ýmsum aðgerðum gerð skil sem notaðar eru til að bæta umferðaröryggi ungra ökumanna. Þegar hefur verið gripið til sumra þessara aðgerða en þó eru ýmsar leiðir til viðbótar sem vert gæti verið að skoða. Setja mætti takmarkanir á afl bifreiða sem ökumenn með bráðabirgðaskírteini mega aka, hömlur á aksturstíma, hömlur á fjölda og aldur farþega og svo mætti áfram telja. Rök fyrir slíkum hömlum má finna í birtum vísindagreinum, bæði innlendum og erlendum.

30.10.2008

Rannsóknarnefnd umferðarslysa